

# FRÉTTABRÉF

## Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

2. tbl. 2010 – September

### Aukaaðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga

verður haldinn 27. september 2010

Boðað er til aukaaðalfundar hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga mánudaginn **27. september á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.** Fundurinn hefst kl. 17:15. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum og kosningum til stjórnar.

#### Dagskrá:

1. Tryggingafræðileg staða sjóðsins
2. Breytingar á samþykktum. Stjórn sjóðsins leggur til 5% lækkan réttinda frá 1. janúar 2011.
3. Stjórnarkjör. Í kjöri eru fjórir aðalmenn, tveir til ársins 2011 og tveir til 2012. Að auki eru í kjöri þrír varamenn, einn til 2011, einn til 2012 og einn til 2013.

#### Tillaga um breytingu á samþykktum Lífeyrissjóðs verkfræðinga á aukaaðalfundi sjóðsins 27. september 2010

##### Grein Breyting

19.9 Ný grein um skerðingu á áunnum réttindum

19.9 Áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega miðað við 1. janúar 2011 skulu lækkuð um 5%.

21.1 Samþykktir þessar gilda frá fyrsta mánaðardegi næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**Greinargerð:** Á ársfundi sjóðsins þann 5. maí 2009 var samþykkt aðgerðaáætlun til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Þar var það markmið sett að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi á fimm árum.

#### Ávöxtun árið 2010

Undanfarin ár hafa verið erfið hvað varðar ávöxtun sjóðsins. Árið 2008 var hrein raunávöxtun neikvæð um 31,4% í samtryggingardeild og árið 2009 var ávöxtunin neikvæð um 0,4%. Í lok ágúst 2010 er hrein


raunávöxtun sjóðsins neikvæð um 1,5%. Slök ávöxtun á árinu skýrist fyrst og fremst af styrkingu krónunnar og lækkanar hlutabréfa á erlendum mörkuðum. Þannig hefur MSCI vísitalan lækkað um 10,9% í íslenskum krónum fyrstu átta mánuði ársins og þá er bæði tekið tillit til styrkingar krónu og lækkanar á verði hlutabréfa. Hlutdeild erlendra hlutabréfa sjóðsins með sérgreindum fjárfestingum er um 22%. Má því gróft áætla að áhrif erlendra hlutabréfa á ávöxtun sjóðsins hafi verið -2,4%. Að auki hefur sjóðurinn bætt við varúðarafskrift að fjárhæð 280 milljónir króna eða 0,9% af hreinni eign sjóðsins. Miðað við 3,5% raunávöxtunarkröfu er ljóst að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur versnað á árinu.

Séreignarleidirnar hafa hinsvegar gengið mjög vel. Þannig hefur raunávöxtun verið 7,5% í leið 1, 6,4% í leið 2 og 5,2% í leið 3 á fyrstu átta mánuðum ársins.

	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Á árs- grunni
Séreignarleið 1	9,12%	<b>7,5%</b>	11,4%
Séreignarleið 2	8,03%	<b>6,4%</b>	9,7%
Séreignarleið 3	6,84%	<b>5,2%</b>	7,9%

## Lækkun réttinda um 5%

Vegna slakrar raunávöxtunar samtryggingardeildar á fyrstu átta mánuðum ársins 2010 leggur stjórn sjóðsins til 5% skerðingu réttinda frá 1. janúar 2011. Á árinu 2009 var samþykkt fimm ára áætlun við að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi í árslok 2013. Í árslok 2008 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 16,8%. Áætlunin er sýnd sem rauð lína á neðangreindu grafi.



Áætlunin gengur því út að það að vera á rauðu línunni til ársins 2013. Bláa línun sýnir rauntölur. Þrátt fyrir lækkun réttinda árið 2009 um 10% og 5% lækkun réttindaflna var tryggingafræðileg staða neikvæð um 14,8% í lok árs 2009. Sjóðurinn var því á eftir áætlun. Á síðasta aðalfundi var aftur samþykkt að lækka réttindi um 10% sem færði tryggingafræðilega stöðu niður í -9,8%. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins reiknaði tryggingafræðilega stöðu mv. 31. júlí 2010 og var niðurstaðan -10,9%. Nánar verður farið yfir þetta á aukaáðalfundinum.

## Stjórnarkjör

Á síðasta aðalfundi var samþykkt vantraust á stjórn sjóðsins með áskorun um að hún segði af sér og ný stjórn kjörin. Eftir aðalfundinn hefur einn aðalmaður, Birna Pála Kristinsdóttir sagt af sér og tók Þrándur Ólafsson varamaður hennar sæti. Guðmundur Örn Jónsson varamaður hefur einnig sagt af sér. Í lok júní barst stjórn undirskriftir um 100 sjóðfélaga með áskorun um að halda aukaáðalfund þar sem fram færi stjórnarkjör. Á aukaáðalfundinum munu fjórir aðalmenn segja sig úr stjórn, Sigurður Áss Grétarsson, Kristján M. Ólafsson, Óskar Maríusson og Þrándur Ólafsson. Einnig mun Þráinn Valur Hreggviðsson varamaður segja sig úr

varstjórn. Á fundinum eru því fjórir aðalmenn í kjöri og þrír varamenn. Nýkjörinn formaður sjóðsins Bjarki A. Brynjarsson situr því einn eftir í aðalstjórn sjóðsins en hann var kosinn í aðalstjórn í vor.

## Framkvæmdastjóri lætur af störfum

Ingólfur Guðmundsson var ráðinn framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga í febrúar 2010 með fyrirvara um að hann uppfyllti viðeigandi skilyrði um hæfi skv. lögum. Þann 27. maí síðastliðinn barst stjórn sjóðsins bréf frá Fjármálaeftirlitinu þar sem gerðar voru athugasemdir við ráðningu Ingólfs og tilkynnt að fram færi athugun á hæfi hans til þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga vegna starfa hans sem stjórnarformanns Íslenska lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins brást við án tafar með því að fela staðgengli framkvæmdastjóra, Guðmundi V. Friðjónssyni, að taka við skyldum Ingólfs þar til að niðurstaða Fjármálaeftirlitsins lægi fyrir. Sú niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að Ingólfur teljist ekki hæfur til að gegna stöðu framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga var kynnt stjórn sjóðsins í bréfi 3. september sl. Í beinu framhaldi af því lét Ingólfur af störfum. Undirbúningur að ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra er þegar hafinn.

Stjórn sjóðsins vill þakka Ingólfi fyrir góð störf þann tíma sem hann starfaði fyrir sjóðinn og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi